

## Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember 2003

Skólar, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklingar taka höndum saman og efna til margvíslegra viðburða undir merkjum [dags íslenskrar tungu](#) þann 16. nóvember í ár eins og undanfarin ár.

[Hátíðardagskrá](#) í tilefni dags íslenskrar tungu verður í hátíðasal Háskóla Íslands og hefst hún kl. 13. Í ár er hátíðardagskráin felld að árlegu málrættarþingi [Íslenskrar málnefndar](#) og [Mjólkursamsöluunnar](#). Menntamálaráðherra, Tómas Ingi Ólrich, [afhendir Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar](#) kl. 15 auk tveggja sérstakra viðurkenninga fyrir störf í þágu íslensks máls. Aðalefni málrættarþingsins er íslensk íðorð. Flutt verða stutt erindi: Þorsteinn Vilhjálmsson fjallar um íslenskuna og raunvísindin, Þuríður Þorbjarnardóttir fjallar um orðasafn í líffræði,

Birna Lárusdóttir verður með erindi um undirbúning orðasafns í fornleifafræði, Guðrún Kvaran fjallar um íðorðastarf almennt í Háskóla Íslands og Ágústa Þorbergsdóttir mun segja frá [orðabanka Íslenskrar málstöðvar](#). Námsstyrkur Mjólkursamsöluunnar verður afhentur og einnig verðlaun Íslenskrar málnefndar og [Nafnfræðifélagsins](#) fyrir gott nafn á fyrirtæki.

[Skólakór Kársness](#) syngur og verðlaunahafar úr [Stóru upplestrarkeppninni](#) lesa ljóð.



## Þátttaka grunnskóla í Olweusaráætluninni gegn einelti 2004- 2006

Menntamálaráðuneytið kannaði í júní sl. áhuga grunnskóla á þátttöku í [Olweusaráætluninni gegn einelti](#) 2004 - 2006 sem er nýr áfangi í eineltisverkefni sem hófst haustið 2002 í 43 grunnskólum. Í þessum áfanga er gert ráð fyrir að allt að 40 grunnskólar geti hafið vinnu samkvæmt [Olweusaráætluninni gegn einelti](#) haustið 2004 til tveggja skólaára. Mikill áhugi kom fram meðal grunnskóla og sveitarfélaga að taka þátt í verkefninu. Af þeim sökum hafa samstarfsaðilar ákveðið að hrinda af stað nýju verkefni og falið Þorláki Helgasoni áframhaldandi framkvæmdastjórn. Umsóknir skóla um þátttöku í

[Olweusaráætluninni gegn einelti](#) skólaárin 2004 – 2006 þurfa að berast í tölvupósti til framkvæmdastjóra fyrir 25. nóvember 2003 og veitir hann allar frekari upplýsingar. Netfangið er [thorlukur@khi.is](mailto:thorlukur@khi.is). Ýmsar upplýsingar sem tengjast eineltismálum eru aðgengilegar á vef ráðuneytisins, [menntamalaraduneyti.is](#).

## Málþing um samræmd próf við lok grunnskóla

Menntamálaráðuneytið boðar til [málþings um samræmd próf við lok grunnskóla](#) föstudaginn 21. nóvember nk. frá kl. 13 – 17 í [Kennaraháskóla Íslands](#). Málþingið er einkum ætlað skólastjórnendum og kennurum á

grunnskólastigi, stefnumótunaraðilum í menntamálum, kennaramenntunarföngnum og fulltrúum foreldra og nemenda. Þingið er þátttakendum að kostnaðarlausu.

Markmiðið með málþinginu er að fjalla um reynsluna af samræmdum prófum við lok grunnskóla út frá sem flestum sjónarhornum og ræða um einstök álitamál sem tengjast framkvæmd prófanna í ljósi laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla. Ráðuneytið væntir þess að málþingið veiti ólíkum hagsmunaaðilum tækifæri til málefnaeugar umfjöllunar um samræmd próf við lok grunnskóla.

Dagskrá málþingsins er aðgengileg á vef menntamálaráðuneytis, [menntamalaraduneyti.is](#). Skráning fer fram á vef Rannsóknarstofnunar Kennaraháskóla Íslands, [khi.rannsokn.is](#) og skal skráning hafa borist í síðasta lagi þriðjudaginn 18. nóvember nk.

## Af umræðuþingi um styttingu náms til stúdentsprófs á [menntagatt.is](#)

„Þriggja ára stúdentspróf hljómar hjákátlega í þeim framhaldsskólum sem eru með áfangakerfi. Miklu eðlilegra og skiljanlegra er að tala um fækkun eininga til stúdentsprófs úr 140 einingum í 105 einingar (þ.e. 25% fækkun).

Augljóst hagræði er í því fyrir nemendur að einingum fækki. Nemandinn öðlast ákveðin réttindi fyrr en ella. Kennarar með masterspróf fögnuðu þeirri ákvörðun menntamálaráðherra að 15 einingar í kennslu- og uppeldisfræðum væri nóg til að öðlast kennararéttindi.

Að mínu mati er grundvallarspurningin þessi: „Eru 105 einingar nægilegur undirbúningur til að hefja háskólanám?“ og ef svo er: „Hvaða 105 einingar eru hinar réttu?“

**Gísli Ragnarsson**, innlegg 7.10.2003 kl. 14:57

